

Gagnáfrýjandi, Páll Þorgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 7. janúar 1981.

Nr. 241/1980. **Jörmundur Ingi Hansen**
 gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík.

Útvistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jörmundur Ingi Hansen, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útvistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 9. janúar 1981.

Nr. 169/1978. **Hörður Ólafsson**
 (sjálfur)
 gegn
Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray
and Spens
 (sjálfur).

Skuldamál. Áfrýjun. Útvist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. október 1978. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sína aðallega á aðildarskorti, en til vara á því, að verk það, sem stefndi vann, hafi reynst gagnslaust. Af hálfu áfrýjanda var sótt þing í héraði, er málið var þingfest, án þess að hann hefði uppi andmæli við kröfum stefnda. Í næsta þinghaldi var ekki sótt þing af hans hálfu, og hafa lögmæt forföll ekki verið sönnuð. Áfrýjandi hefur ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans ekki til greina fyrir Hæstarétti. Ber því þegar af þeirri ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 1.900.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hörður Ólafsson, greiði stefnda, Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray and Spens, 1.900.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. sept. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. ágúst 1978, af Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray and Spens, 169 West George Street, Glasgow, Skotlandi, gegn Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, Mávahlíð 30, Reykjavík, til greiðslu á U.K. £ 83.00 auk 13% ársvaxta frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Við þingfestingu máls þessa gerði lögmaður stefnda kröfu um

málskostnaðartryggingu að fjárhæð kr. 200.000. Lögmaður stefnanda mótmælti upphæð málskostnaðartryggingarinnar og skyldu til greiðslu slíkrar tryggingar. Var því ákveðin fyrirtekt í máli þessu miðvikudaginn 13. september 1978 til þess að gefa lögmonnum aðilja kost á að tjá sig um ágreiningsefnið. Er málið var tekið fyrir þann dag, var ekki sótt þing af hálfu stefnda og ekki boðuð lögmæt forföll. Var málið þá dómtekið að ósk lögmanns stefnanda, sem jafnframt lýsti því yfir, að hann liti svo á, að þar sem stefndi hefði ekki sótt þing, hefði hann fallið frá kröfu sinni um málskostnaðartryggingu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að stefndi, sem sé lögmaður hér í borg, hafi fengið lögfræðifirma stefnanda til þess að gefa álit í sambandi við gerðardómsmál, sem umbjóðandi hans, Guðbjörn Guðjónsson, hafi átt í við Metro Shipping and Finance, en gerðardómurinn hafi verið í Glasgow. Stefnandi hafi síðan leitað ráðgjafar hjá lögmanni, „counsel“, og hafi síðan sent skriflega álitssgerð og hafi reikningur stefnanda numið samtals stefnufjárhæðinni og sé þá með talin þóknun lögmannsins. Stefnandi telji, að stefndi beri persónulega ábyrgð gagnvart sér á greiðslu reikningsins, en stefndi hafi ekki fengist til að greiða hann þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Þar sem þingsókn féll niður af hálfu stefnda, án þess að lögvarnir kæmu fram, verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 26.900.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir.

Dómsorð:

Stefndi, Hörður Ólafsson, greiði stefnanda, Brynjólfi Kjartanssoni hæstaréttarlögmanni f. h. Lögfræðiskrifstofu Maclay, Murray and Spens, U.K. £ 83.00 með 13% ársvöxtum frá 1. apríl 1976 til greiðsludags og kr. 26.900 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.